

Sp. 222. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]
um uppeldisheimili handa vangæfum börnum og unglíngum.

Flm.: Soffía Ingvarsdóttir, Kristín Sigurðardóttir, Rannveig Þorsteinsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hefja nú þegar undirbúning að stofnun og starfrækslu uppeldisheimila handa vangæfum börnum og unglíngum, shr. 37. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 29/1947, og taka að þeim undirbúningi loknum upp í fjárlagafrumvarp þá fjárveitingu, sem nauðsynleg reynist vera í þessu skyni.

Greinargerð.

Eitt af nauðsynjamálum þjóðfélagsins eru ráðstafanir til hjálpar og viðreisnar börnum og unglíngum, sem eru óviðráðanleg heimilum sínum, hafa gerzt brotleg við landslög eða eru á siðferðislegum glapstígum. Hið fyrsta til úrbóta á þessu sviði er að taka slík börn og ungmenni úr óhollu umhverfi og slæmum félagsskap. Fyrr meir var þrautalendingin að senda hið misheppnaða ungvíði á góð sveitaheimili. Mörg þeirra urðu að nýjum og betri mönnum í breyttu umhverfi við fjölbreytt og þroskandi störf.

En hin síðari ár eru það staðreyndir, að ókleift hefur reynzt að koma nema litlum hluta þeirra barna og unglínga, sem lent hafa á einhvern hátt á glapstígum, í sveit. Fæst sveitaheimili hafa nú orðið tök á að bæta við sig slíkum heimilismönnum né kæra sig um það ýmissa orsaka vegna.

Að þessu athuguðu er sýnt, að brýna nauðsyn ber til, að komið sé hér upp uppeldisheimilum, fleiri eða færri, þar sem afbrigðileg börn og unglíngar dveljist undir handleiðslu hæfra manna við nám og nytjastörf í hollu umhverfi. Í lögum um vernd barna og unglínga 1947 er gert ráð fyrir slíkum stofnunum. Nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði árið 1949 til hjálpar og viðreisnar börnum á glapstígum, hefur skilað rökstuddu álitu um bráða nauðsyn á stofnun uppeldisheimila, bæði fyrir eldri og yngri drengi og fyrir unglíngsstúlkur. Enn fremur upptökuheimili, þar sem aðstaða sé til fyrir sérfróða menn að rannsaka ástand og sálarlíf vangæfra barna og unglínga.

Stofnun slíkra heimila, fleiri eða færri, hefur nokkurn kostnað í för með sér, en sé þeim vel stjórnað og þau vel í sveit sett, ætti rekstur þeirra að meira eða minna leyti að geta staðið á eigin fótum. Krefst þetta mál mikils og góðs undirbúnings, sem þyrfti að hraða. Að beztu manna yfirsýn er hinn stærsti gróði þjóðfélagsins, ef takast má með skynsamlegum aðgerðum að bjarga mannsefnum, sem annars færu for-
górðum sökum afbrota eða siðspillíngar.